

Lyfjarýni - fyrir skjólstæðing

Lyfjarýni er viðtal við lækni eða lyfjafræðing þar sem farið er yfir öll lyf sem viðkomandi notar, bæði lyfseðilsskyld lyf, lausasölulyf og bætiefni. Rýnt er í tilgang, verkun, öryggi og þörf fyrir lyfin – með það að markmiði að lyfjameðferðin nýtist sem best og valdi sem minnstum aukaverkunum.

Lyfjarýni er sérstaklega gagnleg:

- þegar tekin eru mörg lyf samtímis (fjölyfjameðferð)
- eftir breytingar á heilsufari eða nýjum greiningum
- við upphaf eða lok meðferðar
- eða ef grunur er um aukaverkanir, skort á verkun, milliverkanir eða óþarfa lyfjameðferð

Hvað felst í lyfjarýni?

Við lyfjarýni er sérstaklega horft til eftirfarandi þátta:

- Hvað skiptir viðkomandi mestu máli er varðar lyfjameðferðina?
- Skilar meðferðin þeim árangri sem stefnt er að?
- Er lyfjameðferðin nauðsynleg eða kæmu aðrar meðferðir, s.s. lífsstílsbreytingar að sama gagni?
- Heldur lyfið einkennum sjúkdómsins niðri?
- Er einhver hættu á aukaverkunum?

Lyfjarýni tekur yfirleitt 15–30 mínútur. Regluleg rýni getur dregið úr hættu á aukaverkunum og óþarfa lyfjum.

Læknir getur í kjölfar lyfjarýnis lagt til breytingar á meðferð ef þörf er á. Breytingarnar geta falið í sér ný lyf, breytingu á lyfjaformi, skammti, tímasetningu inntöku eða að hætta inntöku ákveðins lyfs. Allar breytingar eru gerðar í samráði við viðkomandi og útskýrt hvað þær fela í sér og af hverju þær gætu verið gagnlegar.

Gott er að taka með í lyfjarýni:

- Öll lyf sem viðkomandi er að taka þar með talin vítamín og náttúrulyf
- Gagnlegt er að fá aðstandanda með í viðtal ef við á